

Alþingi
Efnahags- og fjármálaráðherra
Mál nr. S-171/2025

Reykjavík, 30. sept 2025

Efni: Innleiðing reglugerða Evrópusambandsins um varfærniskröfur til lánastofnana (CRR III)

Það hefur verið metið svo að innleiðingin muni draga lítillega úr eiginfjárkröfum til meðalstórra og minni banka sem styðjast við svokallaða staðalaðferð í mati á eiginfjárbörf líkt og gildir um íslensku banka. SFF gerir ekki athugasemdir við það mat og ef matið reynist rétt telur SFF ástæðu til að fagna því skrefi enda eru eiginfjárkröfur hér á landi einhverjar þær ströngustu í Evrópu. Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið frá 2018¹ um kemur fram að kröfur um háa eiginfjármögnun leiði til meiri vaxtamunar hjá bankakerfinu og að háar eiginfjárkröfur hér á landi séu hluti af svokölluðu Íslandsálagi. Það skiptir því verulegu máli að eiginfjárkröfur hér á landi séu ekki óþarflega háar til þess að Íslands sé samkeppnishæft í alþjóðlegu umhverfi.

SFF leggja sérstaka áherslu á að verði breytingar á frumvarpinu í meðförum þingsins t.d. varðandi hvers kyns gullhúðun fylgi því góður rökstuðningur og einhvers konar kostnaðarmat. Íslenska fjármálakerfið er lítið og ber mun meiri álögur en önnur Evrópuríki sem eykur rekstrarkostnað kerfisins. Það skilar sér svo ávallt með einhverjum hætti í verð á fjármálaþjónustu að öðru óbreyttu.

*Með vinsemd og virðingu
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu*



Guðstaf Steingrímsson, hagfræðingur SFF

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/hvitbok_for_web_final_15.20.pdf